



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3 tbl. 2002, - 12 árg.

Mái 2002

Hvítasunnumessa og hlöðuveisla

Við viljum minna á að hvítasunnumessa verður haldin 19. maí í Centre Convict, kl. 14:00 þar sem kirkjan okkar er upptekin að þessu sinni.

Prestur er séra Jón A. Baldvínsson. Hann mun einnig ferma og skíra börn í Luxembourg.

Listamenn frá Englandi og Ungverjalandi eru væntanlegir og munu syngja og leika á hljóðfæri.

Síðdegis þennan sama dag munu Félag Íslendinga í Luxembourg og kirkjunefnd halda hlöðuveislu í SCHWEBSANGE sem er stuttan spöl frá Remich; í hlöðu sem er við veginn inn í þorpið.

Hátíðin er haldin í tilefni 30 ára

afmælis Félags Íslendinga í Luxembourg og byrjar kl. 17:00.

Boðið verður upp á Gúlassúpu, rauðvín frá Ungverjalandi og útigrill með ýmsum matartegundum. Hoppukastali verður fyrir börnin.

Síðan verður dansað í hlöðunni til kl. 01:00. Listamenn syngja og skemmtir m.a. drengjakór frá Ungverjalandi og listamenn frá London, ásamt fleirum.

Vonumst til að sjá sem flesta,



stóra sem smáa íslendinga bæði í messunni og í afmælisveislunni miklu.

Mætum öll og skemmtum okkur vel!

Í þessu blaði:

<i>Hvítasunnumessa, 30 árafmæli FÍL</i>	1
<i>International Bazaar</i>	1
<i>Málverkasýning Tolla í</i>	2
<i>Grillmenningin</i>	3
<i>Málverkasýning í Mörkinni</i>	4
<i>Frá ritstýru</i>	3
<i>Auglýsingar,</i>	4

Á döfinni:

- Messað verður 19. maí kl. 14:00 í Convict Center. Athugið breyttan stað.
- Hlöðuveisla kirkjunefndar og Félags Íslendinga í Lúxembúrg verður 19. Maí kl. 17:00 í Schwebsange.
- Kennt verður í íslenskuskólanum 28. maí eldri hópur.
- Morgunkaffi Spuna verður í ScanShop 28. maí kl. 10:00.
- 17 júní skemmtun félagsins verður í Munsbach (sama stað og í fyrra) 15 júní. Nánar auglýst síðar

Skýrsla íslensku deildarinnar hjá International Bazaar

Bazaar International var haldinn helgina 1. og 2. desember 2001. Eins og vanalega var fjöldinn allur af fólki sem kom bæði til að versla og skoða, en fyrir mörgum er þessi uppakoma orðin fastur liður og upphafið að komu jólanna, enda ætíð haldin í byrjun aðventu. Basarinn tókst mjög vel í alla staði og ekki sakaði að innkomun var meiri en undanfarin ár, styrkirnir voru því veglegri fyrir árið 2002.

Ekki var um neinar stórar breytingar að ræða á skipulagi Basarsamtakanna né heldur hvað varðar sölu á þeim vörum

sem í boði voru. Margir eiga sinn uppáhalds bás og er sá íslenski afar vinsæll. Það eru margir sem koma þangað ár hvert til þess að kaupa reyktan lax í jólamatinn og/eða ullarfatnað svo eitthvað sé nefnt. En segja má að íslenski básinn sé hvað þekktastur fyrir einmitt þessar vörur. Á hverju ári er tveimur styrkjum úthlutað til líknarsamtaka á Íslandi og fyrir árið 2002 urðu fyrir valinu Mæðrastyrksnefnd Kópavogs og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, var styrkurinn í heild um 450 þúsund íslenskar krónur. Margir eiga þakkir skilið fyrir að

hafa lagt vinnu við íslenska básinn á síðasta ári sem og fyrri ár fyrir utan nefndarkonur. Basarnefndin vill þakka Cargo-lux, sem hefur geymt sjálfann básinn og séð fyrir flutning á honum til og frá sýningarhöllinni, Flugflutningar Héðingsstötu, öllum þeim er hjálpuðu til við uppsetningu og vinnu við sölu basarhelgina og ekki má gleyma baksturskonunum sem hjálpuðu til við að baka bestu rúgbrauð í heimi en þau voru um það bil 350 talsins.

Basarnefndin vill koma á framfæri kærum þökkum til allra fyrir aðstoðina og stuðninginn.

Takið virkan þátt í félagsstarfinu

Þjóðið fram aðstoð ykkar við félagsstarfið

Eflið starfið með jákvæðu hugarfari og þátttöku





Málverkasýning Tolla í Lúxembourg

Myndlistamaðurinn Tolla var með málverkasýningu í Lúxembourg 15.-23. Mars síðastliðin.

Sýningin opnaði að viðstöddu margmenni og var þetta fyrsta sýning Tolla í Lúxembourg. Hún var haldin í ráðhúsinu í Berg og var hún opnuð af Marie Josée Meyers, bæjarstjóra Berg, Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiherra Íslands í Belgíu og Lúxembourg, og Magnúsi Guðmundssyni, bankastjóra Kaupthing Bank Luxembourg, en Kaupthing Bank var styrktaraðili sýningarinnar.

Frú Meyers sagði það vera ánægjuefni fyrir bæjaryfirvöld að fá að standa að sýningu sem þessari enda ættu þessi tölur sér orðið langa sögu í samstarfi og blómleg Íslendinganýlenda hefði byggst upp í Luxemborg á undanförunum 30 árum, fyrst með samstarfi á sviði flugmála en síðar með stofnun tveggja íslenskra banka.

Gunnar Snorri, sendiherra, sagði það vera eitt meginverkefni sendiráðsins að styðja við útrás Íslendinga hvort sem væri á sviði viðskipta eða menningar og

því væri ánægjulegt að fá tækifæri til að styðja við bak þessarar sýningar.

Tolla segist mjög ánægður með sýninguna, en hún var sú fyrsta af nokkrum sýningum sem hann hyggst standa fyrir í vor vít og breitt um Evrópu. "Ef það er eitthvað eitt sem einkennir íslenska náttúru þá er það birtan og það er einmitt þessi birta sem kemur svo sterkt fram í verkunum á sýningunni. Þær eru allar allar málaðar á vinnustofu minni í Berlín

og það má því segja að hún hafi fengið að marinerast innan með mér í nokkurn tíma. Þetta ljós kemur innan frá."

Hann segir að viðbrögð sýningargesta hafi farið fram úr hans björtustu vonum en um tveir þriðju hlutar þeirra 28 verka sem á sýningunni voru seldust á opnunarkvöldi hennar.

Tolla hyggst næst setja upp sýningu í Trossingen í Þýskalandi en meðal annarra sýninga sem hann hefur fyrirhugaðar er sýning í Berliner Festspiele í tengsl-

um við íslenska menningarhátíð í apríl og sýning í aðalstöðvum Rauða krossins í Genf.

Sem fyrr segir var það Kaupthing Bank Luxembourg sem átti, ásamt

bæjaryfirvöldum í Berg, veg og vanda af skipulagningu sýningarinnar. Magnús Guðmundsson, bankastjóri Kaupthing Bank, sagði það vera sérstaklega ánægjulegt að styðja við bakið á sýningu á verkum Tolla. "Það má segja að í verkum Tolla endurspeglar sá kraftur sem einkennir íslenska náttúru og Íslendinga sjálfra. Þessi kraftur hefur einnig verið einkennandi í sókn íslenskra



fyrirtækja á erlenda markaði."

Að opnunarræðum loknum flutti Bubbi Morthens, bróðir listamannsins, nokkur vel valin lög við góðar undirtektir.

"Ég ætla að tala við kónginn í Kína og kanski við páfann í Róm.

Og hvort sem það verður til falls eða frægðar þá fer ég í íslenskum skóm."

Halldór Kiljan Laxness.

*Kiktu á
www.tolli.is*



Grillmenning

Eina matreiðslan sem hinn "sanni" karlmaður tekur sér fyrir hendur er að standa við grillið. Í kvöldsólinni með bjór í hendi. En þegar hann býðst til að taka til starfa við grillið tekur við óhjákvæmileg röð atburða...

1. Konar fer í búðina.
2. Konan útbýr salatið og eftirréttinn.
3. Konan undirbyr kjötið fyrir hamskiptin, leggur það á disk með nauðsynlegum útbúnaði og færir það manningnum sem stendur hnarreistur við grillið drekkandi bjór.
4. Maðurinn leggur kjötið á grillið.

5. Konan fer inn fyrir og leggur á borð og aðgæti meðlætið.
6. Konan fer út til að láta manninn vita að kjötið er að brenna.
7. Maðurinn grípur kjötið af grillinu og réttir konunni.
8. Konan leggur síðustu höndina á aðalréttinn og leggur hann á borðið.
9. Þegar allir hafa matast tekur hún af borðinu og þvær upp diskana.
10. Maðurinn spyr konuna hvort hún hafi ekki notið þess að fá "kærkomið frá" frá eldarmennskunni?

Kirkjunefndin

Kirkjunefndin er starfrækt í samstarfi við Félag Íslendinga í Luxembourg og er áætlað að halda guðþjónustur um það bil annan hvern mánuð. Í nefndinni starfa E y j ó l f u r H a u k s s o n, M a r í a H u e s m a n n, S ó l v e i g L o f t s s o n, A g n a r S i g u r v i n s s o n og S i g u r ð u r K r i s t i n s s o n.



Einnig hafa aðrir verið mjög hjálpsamir við starfið og séð um bakstur og önnur undirbúningsstörf.

Sérstakar þakkir fær Linda Ragnarsdóttir fyrir yfirlestur og glöggar ábendingar!

Og Gísli Sigurjónsson risapotflugstjóri og tölvugúru sem fór næstum því til Kína fyrir ritstýru!

Málverkasýning í Mörkinni

Guðbjörg Jóhannsdóttir mun halda sölusýningu í Þórsmörk frá 1.6 - 15.9 eða þann tíma sem áætlan er í Þórsmörk, Húsadal. Þetta eru fuglamyndir, vatnslita og blýantsteikningar.



Gistiaðstaða er í Húsadal. Hægt er að leigja 5 manna hús með eldunaraðstöðu, 2 manna herbergi og svo er skálagisting einnig fyrir hendi. Þarna er sána

og sturta.

Það þarf ekki að minnast á hversu miklir náttúrutófrar eru í Mörkinni, þar eru gönguferðir við allra hæfi, ævintýrlegir hellar og skútar sem skemmtilegar draugasögur tengjast. Góðir grásvellir fyrir fótbolta og ekki má gleyma relluflugvelinum sem er í göngufæri frá skálanum.

Íslenskuskólinn

Kennsla verður hér segir:

28. maí kl. 13:00-15:00 8-12 ára.

Kennt verður í Verainsbau í Godbrange sem fyrr.

Kennari verður Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, sími 2674 7298.



Það er leikur að læra, leikur sá er mér kær. Vita meira og meira, meir í dag en í gær.

Frá ritstýru

Ritstýra vill þakka lesendum jákvæðar undirtektir með blaðið. Næst kemur blaðið út 10. júní, síðan 16. september, 16. október, 16. nóvember, 9. desember.

Fréttabréfið er sett upp á Microsoft Publisher, notað er Gill Sans MT 8,5pt letur í meginefni en 16pt í fyrirsagnir. Blaðið er prentað úr í prentsmiðju Cargolux Airlines. Hugbúnaðurinn hefur verið


uppfærður svo að nú er Adobe Acrobat 5.05 lesari látinn breyta Microsoft Publisher skánni yfir í pdf skrá sem send er beint í prentsmiðjuna. Síðar verður hugsanlega mögulegt að senda lesendum blaðið á tölvutæku sniði og vista á heimasíðu félagsins lesendum til hægðarauka.

Lesendur eru beðnir að senda tillögur um þessi mál til ritstýru.

Efni skal skila inn minnst viku fyrir útgáfu og sendist til ritstýru blaðsins, Matthildar Kristjánsdóttur á matthildur@reynisson.com.

Ritstjórn vill biðja um að innsent efni sé sent á tölvutæku sniði, Word er hentugast en nánast allt annað gengur.

Ritstýra





Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-1
Fax +352 787 077-31

BGL: 30-037917-24
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

Hvert fór
vefsíðan okkar?

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2001-2002

Hafþór Þórarinnsson, formaður, 2634 0501
Jóhanna Jakobsdóttir, ritari, heimflutt
Jónína Sigurðardóttir, gjaldkeri
Bjargey Elíasdóttir, meðstjórnandi
Kári Guðbjörnsson, meðstjórnandi
Ragnhildur Eyjólfsdóttir, varamaður

Stjórn Kirkjunefndar 2001-2002

Eyjólfur Hauksson, formaður, sími 768 545
María Huesmann
Sólveig Loftsson
Agnar Sigurvinnson
Sigurður Kristinsson

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, sími 787 077-1
Bryndis Kristjánsdóttir, ritari
Guðrún Kristjánsdóttir, gjaldkeri

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, sími 2674 7298

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer 30-037917-24.

Vinsamlegast setjið nafn greiðanda og greiðsluár sem tilvísun (communication). Félagsgjöld eru € 40,- á mann eða € 80,- á hjón eða á fjölskyldu.

Litlu dálkarnir

Til sölu

Bókin okkar

Landnám Íslendinga í
Lúxemborg

Ómissandi uppflettirit með
gagnlegum upplýsingum um
menn og málefni.

Fróðlegt lesefni.

Fjöldi mynda.

Átt þú þessa bók?

Fæst hjá Maju Huesmann sími
358 556, Tobbu sími 768 013,
Írisi sími 780 510

Íslenskur söguatlas

Til sölu er íslenskur söguatlas í
3 bindum, verð aðeins €185,-.
Einstakt verk þar sem saga
Íslands frá landnámi til nútíma
er sögð á lifandi og
skemmtilegan hátt. Hægt er að
skipta greiðslunum í tvo eða
þrjá hluta. Laufey
Armannsdóttir sími 356 593.

Atlantsskip

Atlantsskip býður eftirfarandi
fluttninga á bílum frá
hafnarbakkanum í Rotterdam:

Fólksbilar að 15 m³ € 850,-
Jeppar yfir 15 m³ € 950,-

Tollað er í gegnum Hafnarfjörð.

Skipið er 3½ dag að sigla milli
Rotterdam og Kópavogs.

Atlantsskip Sími +354 580
6905, fax +354 580 6901,
vefsíða www.atlantsskip.is.

Símaskrá

Ný og breytt heimilíföng:

Marc Graas
Steinunn Guðlaugsdóttir
8 rue Homesbusch
L-5371 SCHUTTERANGE

Marteinn Steinþórsson
Anna Björg Stefánsdóttir
13 rue Dicks
L-6499 NIEDERANVEN
Sími: 347 299

Ragnar G. Kvaran
Hrefna Kvaran
Espigerði 2
IS-108 REYKJAVÍK

Ný og breytt símanúmer og
netföng:

Arnar Bjarnason:
arnarbjarnason@everyday.com

Eyjólfur Reynisson
Sími: 23 699 723
eyjolfurreynisson@hotmail.com

Guðbjörg Steinarsdóttir:
Gst@gmx.co.uk
Gsm: 091 637 888

Ottar Jóhannsson
Ottj@gmx.co.uk

Félagsmenn eru beðnir um að
tilkynna til félagsins ný og breytt
símanúmer, netföng,
heimilíföng, o.þ.h.



NETFANGINN BENDIR Á:

Dreymir þig um íslenskt
nammi? Prófaðu slóðina
www.nammi.is þar getur þú
verslað íslenskt nammi og
einnig coco puffs og Cheerios
og fengið sent heim í pósti.
Fyrir geggjaða með sjúklega
heimþrá.

Fyrir þá sem hafa gaman af að
föndra þá er hægt að fá
gagnlegar upplýsingar á
www.fondra.is. Gaman gaman.

Veðurspáin sést á cnn.com, þar
getur maður séð hvort spáð
mikilli rigningu eða lítilli
rigningu í Lux. Kort og
svoleiðis gaman. Best er að
skoða kort dagsins um kl. 6 á
morgnana.

Sendu netfanganum gagnlegar
slóðir á
matthildur@reynisson.com.